

Faghópur 2
6. áfangi rammaáætlunar um verndun og orkunýtingu landsvæða
2. fundur, 18.02.2026, kl. 15:00-16:30
Fundur haldinn í netheimum

Mætt: Agnes Brá Birgisdóttir (ABB), Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (ÁHT), Bryndís Marteinsdóttir (BM), Einar Torfi Finnsson (ETF), Gunnar Þór Jóhannesson (GPJ), Hjörleifur Finnsson (HF), Hlynur Bárðarson (HB) og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ)

Fundarritari: SSJ

Fundur settur kl. 15:00

1. Frá verkefnisstjórn.

ÁHT sagði frá sameiginlegum fundi verkefnisstjórnar og faghópa s.l. föstudag 13. febrúar en þar stóðu þrjú atriði upp úr:

- a. Kynning á kortasjá Náttúrufræðistofnunar sem gerð var fyrir vinnu í RÁ5. Í framhaldi af fundi sendi ÁHT inn ábendingar frá faghópnum til Náttúrufræðistofnunar um mögulegar viðbætur við kortasjana.
- b. Erindi frá verkefnisstjórn um flokkun 9 vindorkukosta úr RÁ5 m.t.t. frumvarpsdraga og sérreglna um vindorku. Það gæti þurft að flýta áður boðuðum skilafresti (1. júní) á verkefninu þar sem ráðherra gerir ráð fyrir að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi.
- c. Afturköllun friðlýsinga – endurmat 8 virkjunarkosta úr RÁ2 sem fóru í verndarflokk. Formaður verkefnisstjórnar telur að bréf frá ráðherra til verkefnisstjórnar dags. 21.01.2025, um afturköllun friðlýsinga á grundvelli dóms Hæstaréttar 27. mars 2024, sé ígildi formlegs erindis um að hefja þá vinnu í faghópum. Faghópur 2 telur að skýra þurfi verkefnið betur en skilja má að verið sé að óska eftir endurmati á afmörkun svæða sem friðlýst voru gegn orkuvinnslu.

ÁHT á von á að funda með formanni verkefnisstjórnar og formanni faghóps 1 fljótlega og munu þá línur varðandi lið b og c skýrast.

2. Veganesti frá faghópi 2 í síðasta áfanga

SSJ fór yfir minnispunkta frá faghópi 2 í RÁ5 til faghóps 2 í RÁ6 um aðferðafræði og ýmis praktísk atriði. Umræður. Umfjöllun um rannsóknatillögur frá faghópi 2 í RÁ5 frestað til næsta fundar.

3. Verklag og aðferðir

Umræðu um verklag og aðferðir frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

- a. ÁHT hyggst koma því á framfæri við verkefnisstjórn að lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana verði höfð að leiðarljósi við verkefnisskil. Það felur m.a. í sér að verkefnisstjórn skoði samlegðaráhrif, loftlagsáhrif og heilsuáhrif þeirra virkjunarkosta sem eru til umfjöllunar ásamt því að skoða næmi þeirra fyrir náttúruvá.
- b. Vinnuskýrslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar er skilað inn á 2 mánaða fresti og mun ÁHT senda meðlimum faghópsins vinnuskýrslu til samþykktar í byrjun mars fyrir tímabilið janúar-febrúar.

Fundi slitið kl. 16:30